



REGLUR UM ÚTHLUTUN OG UMGENGI Á SLÆGJUSTYKKJUM

1. gr.

Almennt

Þessar reglur eru samdar til að framfylgja 5. grein samþykktar um búfjárhald á Akranesi. Slægjustykkjum er úthlutað til fimm ára.

2. gr.

Úthlutun slægjustykkja

Þeir einir sem tilgreindir eru á forðagæsluskýrslu og hafa lögheimili á Akranesi geta fengið úthlutað slægjustykkjum.

Ef umsækjendur eru fleiri en fjöldi slægjustykkja, skal dregið úr umsóknum. Við úthlutun skal garðyrkjustjóri sjá til þess að þeir aðilar sem haft hafa slægjustykki til afnota og af þeim greitt, njóti forgangs við úthlutun þeirra stykkja.

Miða skal við að hver umsækjandi fái aðeins eitt stykki til afnota. Ef umsækjendur eru færri en stykkinn sem eru til úthlutunar, hafa þeir sem þegar hefur verið úthlutað stykkjum möguleika á að fá annað stykki og skal þá einnig dregið um þau.

3. gr.

Uppsögn á slægjustykki

Ef Akraneskaupstaður þarf að ráðstafa slægjustykkjum til annarra nota skal handhöfum greint frá því með þriggja mánaða fyrirvara. Ef handhafar slægjustykkja hætta að nýta þau á tímabilinu skal garðyrkjustjóra tilkynnt um það með þriggja mánaða fyrirvara, svo hægt sé að ráðstafa landinu til annars aðila fram að næstu úthlutun.

4. gr.

Umgengi og viðhald á slægjustykkjum

Slægjustykki er afhent í því ástandi sem það er í við úthlutun og er leigutaki ábyrgur fyrir allri jarðvinnslu lands, að girða landið af og uppgreftri á skurðum. Leigjendur útvega sjálfir verkfæri, áburð, og annað sem þarf til ræktunar. Slægjustykki eru einungis ætluð til ræktunar og er leigutaka með öllu óheimilt að nýta þau til geymslu fyrir eigur sínar né annarra. Í lok leigutíma skal leigutaki fjarlægja girðingu sína nema um annað semjist.

Óheimilt er að beita hrossum á slægjustykki.



5. gr.

Gjaldtaka

Handhafar slægjustykkja skulu greiða Akraneskaupstað gjald sem nemur 15.000 kr. fyrir hvern hektara sem þeir hafa til afnota. Að auki hækkar gjaldið í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir hjá Akraneskaupstað.

6. gr.

Brot á reglum

Ef handhafi slægjustykkis brýtur gegn reglum þessum verður honum send áminning bréfleiðis og fær hann einn mánuð til að bregðast við henni og þeim athugasemdum sem gerðar eru. Ef ekki er brugðist við áminningu er viðkomandi sagt upp bréfleiðis og missir hann rétt sinn á því að leigja stykki hjá Akraneskaupstað til næstu þriggja ára.

Samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar þann 14. mars 2016.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness 22. mars 2016.


Regína Asvaldsdóttir
bæjarstjóri